

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

1. *Brekkugata 1-3. Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluti 2.*
Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 22 í 25 eða um 3.
2. *Kinnargata 19-25. Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluti.*
Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 4 í 5.
3. *Holtsvegur 45-47. Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluti.*
Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að íbúðum fjölgi úr 9 í 10.
4. *Vikurgata 4 og 13, Keldugata 2. Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluti.*
Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitir stækki þannig að auðveldara verði að laga byggingar að legu jarðsprungu sem gengur í gegnum lóðirnar.
5. *Dyngjugata 1-3. Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluti 2.*
Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 2 úr 16 í 18.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 24. ágúst 2016.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2016